

Ferðabjónusta barna með sérþarfir í leikskóla

Forráðamaður/menn barna með lögheimili í Garðabæ sem njóta stuðningskennslu í leikskóla 6 tíma á dag eða meira, geta sótt um ferðabjónustu fyrir barn/börn sín, sækja þau sérhæfða bjónustu utan leikskóla.

Forráðamanni/mönnum ber að hafa samráð við leikskólastjóra áður en sótt er um slíka bjónustu.

Forráðamaður/menn sækja um þessa bjónustu á vef Garðabæjar „Minn Garðabær“ á þar til gerðu eyðublaði sem nefnist „Umsókn um ferðabjónustu barna í leikskóla“

Sérkennslufulltrúi afgreiðir umsóknir samkvæmt reglum þessum. Frávik frá þeim skal bera undir samráðsteymi um ferðabjónustu barna í leikskóla sem skipað er leikskólafulltrúa, sérkennslufulltrúa og talmeinafræðingi.

Foreldrar eru upplýstir um afgreiðslu málsins og veittar nauðsynlegar upplýsingar um bjónustuna.

Starfsmaður leikskóla fer með barni í þjálfun í annað hvert skipti að hámarki fjögur skipti í mánuði (eitt skipti er sama og tvær ferðir, fram og til baka). Forráðamaður/menn sjá um að að fara með barn í önnur skipti.

Tímabil ferðabjónustu tekur mið af þörfum hvers barns. Forráðamaður/menn bera ábyrgð á því að upplýsa ef um breytingar er að ræða.

Þær aðstæður geta skapast að leikskólastjóri meti svo að starfsmaður geti ekki fylgt barni í þjálfun, nauðsynlegt er þá að láta foreldra vita tímanlega svo þeir geti gert ráðstafanir.

Forráðamaður/menn bera ábyrgð á því að panta/afpanta ferðir, (samkvæmt reglum ferðabjónustu aðila).

Forráðamenn greiða fargjald fylgdarmanns barnsins.

Forráðamenn sjá um að barnið hafi öruggan barnabílstól til ferðarinnar í hvert sinn.

Starfsmaður leikskólans aðstoðar barnið við að afklæðast og klæðast en tekur ekki beinan þátt þjálfun.

